

95. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysifirvaldanna á Íslandi, um þóknun handa bókaverði við söfn hins lærða skóla og prestaskólans í Reykjavík.

1870.

25. oktr.

Með bréfi 3. p. m. hafið þér, herra stiptamtmaður og þér, háæruverðugi herra, sent hingað tvær bænarskrár, aðra frá skóla-meistararum við hinn lærða skóla í Reykjavík og aðra frá forstöðumanni prestaskólans þar, sína fra hvorum, um það, að hinum setta umsjónarmanni hins lærða skóla, Jóni Árnasyni, verði veitt þóknun fyrir þann starfa, er honum er falinn á hendur, að vera bókavörður við söfn beggja skólanna, og hafið þér stungið uppá, að Jóni Árnasyni verði veittir 50 rd. á ári í þessu skyni fyrir umsjón hans um bækur þeirra safna, er nefnd voru, þannig, að helmingurinn af þessum peningum verði borgaður af því fê, sem veitt er hinum lærða skóla með fjárhagslögnum, og hinn helmingurinn af því fê, sem veitt er handa prestaskólanum, annaðhvort af því, sem ætlað er til bóka, o. s. fr., eða af því, sem skólunum er ætlað til ymsra útgjalda.

Um leið og þess skal getið, að mál þetta barst oss í hendur eptir að frumvarpið til fjárhagslaganna var prentað og tilbúið til framlags fyrir ríkisþingið í Danmörk, verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið finnur sèr ekki fært að taka uppástungu þessa til greina.

---

á sýslur þær, sem í hlut eiga, nema burt allan efa um þetta efni, þar sem ástæður stjórnarráðsins fyrir þessu lagabóði, (sem eru prentaðar í Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands II., 519) sýna það greinilega, að hin nefnda ákvörðun hafi verið sett meðal annars af því, að það geti ekki verið umtalsmál, að draga takmarkalínu milli tveggja sýslna úti á sjó, en af þessu virðist það vera ljóst, að fara verði eptir takmarkalínunni á landi, þar sem hún er til.

Með tilliti til þessa finnst amtinu það réttast, að Mýra- og Hnappadalssýsla eigi að borga kostnað þann, sem hefir risið af flutningi fyr nefnds fátæklings frá takmörkum Dalasýslu til heimilis hreppstjórans í Norðurárdalshrepp, og hefi eg í dag birt settum sýslumanni E. Theodor Jónassyni þenna úrskurð amtsins.